

FUM, stjórnarfundur

19. ágúst 2015 (kl.10:00-11:10)

Mættir: Amalía Björnsdóttir formaður (FUM), Börkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. Þorlákur Axel Jónsson boðaði forföll.

1. Fundargerðir

- a. Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt að hálfu stjórnar.
- b. Fundargerð frá 24. mars samþykkt.
- c. Fundargerð frá 1. júní samþykkt.

Formaður kvaðst vera kominn með aðgang að vef FUM. Honum falið að setja fundargerðinar þar inn.

2. TUM 2014 – dreifing

Gjaldkeri sagðist ætla hafa samband við Bóksölu MVS um að prenta út límmiða og formaður tók að sér líma á nýja TUM heftið (er fyrir 2014) og svo myndu stjórnarmenn skipta með sér verkum við að dreifa því til félagsmanna. Áður hafði verið rætt um að árgjald FUM fyrir 2015 og TUM-ritið fyrir 2014 væru kr. 4500.- Þá var rætt um að formaður sendi bréf til félagsmanna til að skýra stöðu félagsins og TUM-ritsins og að gjaldkeri setti innheimtuferlið í gang.

3. Efling félagsins – nýir félagar

Rætt var um mikilvægi þess að efla starfsemi FUM sem legið hefði í láginni um tíma. Jafnframt var rætt um að reyna að fjölga félögum í FUM, s.s. með því að hafa samband við nýja starfsmenn MVS og HA og doktors- og meistarnema á báðum stöðum. Rætt var um að vera með afgreiðslu- eða kynningarborð á Menntakviku 2. okt. næstkomandi til að auglýsa FUM og fá fólk til að skrá sig í félagið. Hafdís og Elsa tóku að sér að undirbúa þessa kynningu sem fundarmenn voru sammála um að væri vænleg leið til að gera félagið sýnilegra en verið hefur.

4. Samstarf um útgáfu tímarits

Formaður greindi frá fundi með ritstjóra Uppeldis og menntunar, forseta Menntavísindasviðs og forstöðumanni Menntavísindastofnunar um mögulegan samruna TUM-ritsins og Uppeldis og menntunar. Málið vær rætt vítt og breitt og voru fundarmen almennt sammála þeim minnisatriðum sem kynnt voru á fundinum, s.s. um skipulagsleg atriði (tveir ritstjórar, annar frá FUM, rafræn útgáfa, tvö eða fleiri hefti á ári, o.s.frv.). Formanni falið að halda þessum viðræðum áfram og reyna að loka málinu með hagsmuni FUM og eflingu menntarannsóknna að leiðarljósi.

Börkur Hansen